



HAFNARFJÖRÐUR

## GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA

Gildir frá 1. september 2017

1. Grunngjald er kr. 3.090 á mánuði fyrir hverja klukkustunda á dag.
2. Dvalargjald umfram 8,5 klukkustundir að 9 klukkustundum skal vera kr. 4.013
3. Dvalargjald umfram 9 klukkustundir skal vera kr. 7.000 fyrir hverja hálfklukkustund.
4. Gjald fyrir morgunhressingu er kr. 1.762, síðdegishressingu kr. 1.762 og hádegisverð kr. 5.013
5. Lágmarksdvöl miðast við fjórar klukkustundir á dag.
6. Veittur er viðbótarafsláttur í ljósi tekna foreldra/forráðarmanna, 20% eða 40%, í samræmi við eftirfarandi tekjuviðmið.

### Einstaklingur

0 til 3.980.852 kr. -(allt að á mánuði 331.738 kr.)	40%
3.980.853 til 4.777.022 kr. - (allt að á mánuði 398.085 kr.)	20%

### Í sambúð

0 til 5.573.192 kr. - (allt að á mánuði 464.433 kr.)	40%
5.573.192 til 6.687.831 kr. - (allt að á mánuði 557.319 kr.)	20%

Afsláttur er reiknaður út frá álagningu ársins á undan það er samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10). Ef tekjur hafa breyst á árinu skal skila inn gögnum um tekjur sl. þriggja mánaða.

Viðbótarafsláttur er ekki leiðréttur nema umsókn hafi borist fyrir 20. síðast liðins mánaðar. Alltaf skal greiða fullt verð fyrir fæði.

7. Systkinaafsláttur er veittur vegna systkina sem eru samtímis í leikskóla eða hjá dagforeldri. Afsláttur reiknast af almennu dvalargjaldi, fyrir hvert barn umfram eitt. Fyrir yngsta systkini er greitt fullt gjald, en eftirfarandi afsláttur er veittur fyrir önnur systkini:

- I. Fyrir annað systkini 50 % afsláttur.
- II. Fyrir þriðja systkini 75 % afsláttur.
- III. Fyrir þriðja systkini 100 % afsláttur.

Alltaf skal greiða fullt verð fyrir fæði.

8. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram, gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 15. hvers mánaðar.
9. Gagnkvæmur skriflegur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.
10. Greitt er fyrir leikskólavistina þó barn sé fjarverandi stöku daga.
11. Hægt er að sækja um breytingar á dvalarsamningi hjá leikskólastjóra með mánaðarfyrirvara á þar til gerðu eyðublaði og miðast allar breytingar við 1. eða 15. hvers mánaðar eða eftir nánari samkomulagi við leikskólastjóra.

12. Leikskólagjöld eru innheimt í ellefu mánuði þar sem öll börn skulu taka fjögurra vikna sumarleyfi. Til einföldunar eru leikskólagjöld ekki innheimt í júlí, þó svo börn taki sumarleyfi á öðrum tíma.
13. Leikskólar eru lokaðir í fimm virka daga á ári vegna skipulagningar á uppeldis- og fræðslustarfi leikskóla og endurmenntunar starfsfólks. Þessir dagar dragast ekki frá leikskólagjaldi.
14. Foreldrar/ forráðamenn geta sótt um niðurfellingu leikskólagjald ef barn hefur verið frá vegna veikinda í samfelld tvær vikur eða lengur. Sækja verður um niðurfellinguna sérstaklega og leggja fram læknisvottorð til staðfestingar um veikindi barnsins. Ef um langvarandi veikindi barns er að ræða geta foreldrar sótt um frekari niðurfellingu. Beiðnir um niðurfellingu eru metnar af leikskólastjóra í samráði við sviðsstjóra fræðsluþjónustu.

Samþykkt í bæjarstjórn  
13. september 2017

  
Haraldur Lindal Haraldsson  
bæjarstjóri